

Lagt fyrir á aðalfundi:

Haga hf.
kt. 670203-2120
Hagasmára 1
201 Kópavogi

Haldinn þann 5. júní 2014.


Efni: Yfirlýsing stjórnar samkvæmt 3. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Stjórn Haga hf. lýsir því hér með yfir að skuldir félagsins eru því ekki til fyrirstöðu að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 46.083.650,- að nafnverði til jöfnunar eigin hluta, sbr. 61. gr. sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Eftir lækkunina verður hlutaféð kr. 1.171.502.190 að nafnverði.


Nánar vísast til ársreiknings félagsins fyrir rekstrarárið sem lauk 28. febrúar síðastliðinn. Varðandi breytingar á efnahagi félagsins það sem af er núverandi rekstrarárs vísast til fyrirbyggjandi upplýsinga úr bókhaldi félagsins.

Kópavogi, 15. maí 2014.


Þannig staðfest af stjórn félagsins:



Kristín Friðgeirsdóttir
Meðstjórnandi



Stefán Árni Auðólfsson
Meðstjórnandi



Friðrik Hallbjörn Karlsson
Meðstjórnandi



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Til stjórnar:

Haga hf.
kt. 670203-2120
Hagasmára 1
201 Kópavogi


Efni: Yfirlýsing endurskoðanda sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Stjórn Haga hf. hefur lagt fram skýrslu sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skýrslan er samin samhliða tillögu stjórnar um lækkingu á hlutafé félagsins sem lögð verður fram á aðalfundi sem boðað er að haldinn verði þann 5. júní 2014. Tillaga stjórnar miðar að því að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 46.083.650 að nafnverði með jöfnun eigin hluta á grundvelli VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Verði tillaga stjórnar samþykkt verður hlutafé félagsins eftir lækkingu kr. 1.171.502.190 að nafnverði.

Undirritaður endurskoðandi Haga hf. staðfestir hér með framangreinda skýrslu stjórnar félagsins, dags. 15. maí 2014, um áætlaða lækkingu hlutafjár með jöfnun eigin hluta, og staðfestir með vísan til framangreinds og annarra gagna og upplýsinga, sem fyrir liggja, að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að framangreind yfirlýsing stjórnar félagsins sé rétt. Því staðfestir undirritaður að skuldir félagsins eru því ekki til fyrirstöðu að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 46.083.650 að nafnverði með jöfnun eigin hluta.

Reykjavík, 15. maí 2014.

KPMG hf.



Simon Á. Gunnarsson, endurskoðandi.